



HVAÐ ER HEIMSPEKI?

Glósur úr heimsókn Ólafs Páls Jónssonar heimspekings 10. október

Hvað skilgreinir heimspeking?

- Pýþagóras var fyrstur til að nota orðið **philosopher** (heimspekingur). Orðið er samsett úr tveimur grískum orðum: philo (elska) og sophia (viska). Þannig að heimspekingur er sá sem elskar visku viskunnar vegna, ekki af hagnýtum ástæðum. Til samanburðar má taka t.d. verkfræðing sem læri stærðfræði og eðlisfræði til að geta nýtt greinarnar í ýmsum framkvæmdum, til að byggja hús, leggja vegi og svo framvegis.
Heimspekin er ekki endilega hagnýt, hún er leit að þekkingu þekkingarinnar vegna.
- Heimspekingar hugsa ekki bara, þeir eru líka vel að sér í sögu heimspekinnar. Þeir þurfa til dæmis að þekkja heimspeki Sókratesar, Platóns og Aristótelesar sem voru heimspekingar í Grikklandi fyrir 2500 árum.
- **Sókrates** er fyrirmynd mjög margra heimspekinga – fyrirmyndin að GÓÐUM heimspekingi.
Hann var mjög jarðbundinn heimspekingur, svo jarðbundinn að hann var dæmdur til dauða fyrir að spilla æskulýð Aþenu borgar sem ruglandi og spillandi samræðum (að mati þeirra sem dæmdu hann).
Sókrates ögraði fólki til að hugsa sjálft. Það var óþægilegt, olli reiði og ruglingi hjá viðmælendum hans. Sjálfur kallaði hann sig t.d. broddflugug og með því átti hann við að hann stingi fólk áfram til að hugsa sjálft. Sókrates sagðist sjálfur ekki búa yfir visku eða þekkingu en bætti við að hann kynni að hjálpa öðrum til að hugsa.
Sókrates gat HLUSTAÐ – það er mjög mikilvægt fyrir heimspeking til að geta hugsað með öðru fólki.
- Heimspekingar þjálfar sig í að hugsa og taka þátt í rökræðu.
Heimspekin er líkari því að skrifa bók en að læra bókmenntafræði.
Það er ekki hægt að læra heimspeki, það er bara hægt að gera hana (haft eftir einum af heimspekikennurum Háskóla Íslands)
- Heimspeki snýst um að þæla í heiminum og spyrja: Hvað ER þessi heimur sem er til fyrir mér?

Aðferð heimspekinnar:

- að kunna að þekkja góð rök (ekki nóg að vera bara sannfærandi)

Góður heimspekingur:

- notar rök, góð rök
- hlustar
- getur tekið þátt í samræðu við aðra
- notar þælingarnar sínar á hagnýtan hátt? → sumir
- er bara góður í hugsuninni? → sumir, þeir sem festast inni í fílabEinsturninum

FílabEinsturninn:

- er einhvers konar hugarástand
- þægilegur til að fá að hugsa í friði með þeim fáu sem eru að hugsa um nákvæmlega það sama (sérfræðingum)
- er dálítið eins og i-pod: gefur manni frið frá umhverfinu og hjálpar manni að einbeita sér að tilteknu verkefni
- Það er gott fyrir heimspeking að fá að vera stundum í fílabEinsturninum til að melta hlutina